

**Ed.**

**393. Frumvarp til laga**

[202. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

**1. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

**2. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafloverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

**3. gr.**

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1979.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt, sem liður í ráðstöfunum til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun olíuverðs veldur íslenskum sjávarútvegi. Frá því í desember s.l. fram til 21. febrúar s.l. var gasolíuverð til fiskiskipa hér á landi kr. 57.50 pr. lítra og svartolíuverð til fiskiskipa 39 000 kr. pr. tonn. Nú hefur gasolíuverðið verið hækkað í kr. 68.90 pr. lítra, en svartolíuverðið í 40 500 kr. pr. tonn. Reyndar má við því búast, að til frekari hækkunar þurfi að koma innan fárra mánaða, ef ekki verður veruleg lækkun á heimsmarkaði á næstunni. Litlar líkur eru á því taldar, að lækkun verði á næstunni og gæti því komið til frekari hækkunar olíuverðs til fiskiskipa. Verðið gæti jafnvel þurft að hækka í um 100 kr. á hvern lítra, með vorinu. Með öllu er ljóst að hækkun olíuverðs úr kr. 57.50 í kr. 68.90 á hvern lítra er ofviða stórum hluta fiskiskipafloðans. Óvissan í olíuviðskiptum gerir það að verkum, að ekki verður metið með vissu, hvort verðhækkun sú, sem nú blasir við, er tímabundin eða varanleg. Skynsamlegt virðist að snúast við áhrifum hennar í fyrstu þannig, að hún raski sem minnst verðlagi í landinu, en þó þannig að fullt mið sé tekið af þeirri nauðsyn, sem er á því að hvetja til olíusparnaðar þegar í stað. Af þeim sökum má ekki fara út á þá braut að greiða olíuverðið niður. Hins vegar þarf að auka tekjur útgerðarinnar til þess að hún geti yfirleitt staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegs- manna gera það að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutir sjómanna hækki um leið. Þetta þýðir einfaldlega, að til þess að koma til skila fjármunum til að standa undir 10 króna olíuhækkun þarf að óbreyttu 17 króna tekjuauka hjá útgerðinni. Forystu- menn sjómannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki hagnast á því óhappi, sem olíuverðhækkunin er fyrir þjóðina. Samráð hefur verið haft við sjómannasam- tökin um þetta mál, láta þau óátalið að tímabundið oliugjald af því tagi, sem lagt er til í 1. gr., og er meginefni frumvarpsins, verði á lagt. Þessi afstaða er á því byggð, að olíuhækkunin kunni að vera tímabundin og ákvæðin um oliugjald verði endurskoðuð þegar á árið liður. Fulltrúar sjómanna andmæla hins vegar ákvæði 2. gr. um 1.0% frádrátt frá söluverðmæti við landanir erlendis og benda á að útvegsmenn fái 1% lækkun útflutningsgjalda af söluverðmæti erlendis skv. frv. sem flutt sé jafnhliða þessu.

Einnig hefur frv. verið kynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna og samtökum fiskvinnsluaðila, sem geta á þessar tillögur fallist, en benda á að mikilvægt sé að frádráttur verði skv. 2. gr. helst meiri eða a. m. k. svo hátt sem hér er lagt til, til þess að skiptakjör við landanir erlendis verði ekki sjómönnum hagstæðari en við heimalöndun. Fulltrúar fiskvinnslu benda á að mikilvægt sé að takmarkaður afli verði sem mest nýttur hérlendis.

Jafnframt þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp því tengt, sem kveður á um lækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum úr 6% af f.o.b.-verðmæti í 5% til þess að gera fiskvinnslunni auðveldara að rísa undir þeim kostnaðarauka, sem oliugjaldið felur í sér. Þetta er mögulegt vegna þess að sjóðir þeir, sem útflutningsgjalda njóta, eru nú vel stæðir fjárhagslega og því unnt að draga nokkuð úr tekjum þeirra án þess að það komi niður á verkefnum þeirra að svo stöddu. Með þessum hætti er því snúist við oliuvandanum án þess að stofna til niðurgreiðslna á olíu og án þess að stækka sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hvort þessar ráðstafanir eru fullnægjandi verður tíminn að leiða í ljós.

Telja má að hækkun gasolíu í 68.90 kr. pr. lítra valdi útgerðinni um 2 000 m.kr. útgjaldaauka á ári. Álag á fiskverð fyrir einstakar veiðigreinar þyrfti því að vera:

	Bátar án loðnu	Loðnu- bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Að teknu tilliti til aflahluta .....	3.9%	3.5%	4.9%	6.7%	4.4%
Án tillits til aflahluta .....	2.4%	2.2%	3.2%	5.2%	2.9%

Gera má ráð fyrir, að oliugjald skv. frumvarpi þessu muni nema um 1 600 m.kr. fyrir útgerðina í heild þannig að til að mæta því, sem á vantar, þyrfti álag á fiskverð að verða sem hér segir:

	Bátar án loðnu	Loðnu- bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Að teknu tilliti til aflahluta .....	0.0%	0.0%	1.3%	3.2%	0.7%
Án tillits til aflahluta .....	0.0%	0.0%	0.8%	2.5%	0.5%

### Fylgiskjal I.

## HAGUR FISKVINNSLU OG FISKVEIÐA Í ÁRSBYRJUN 1979 OG ÁHRIF OLÍUVERÐSHÆKKUNAR Á HAG ÚTGERÐAR

Rekstraryfirlit fiskveiða m. v. verðlag í janúar 1979.

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Loðnu- bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Fjöldi togara .....			59	14	
A. Tekjur alls .....	25 392	16 620	26 796	8 136	76 944
1. Seldur afli héraðs .....	22 771	16 295	22 033	5 303	66 402
2. Seldur afli erlendis .....	560	—	2 800	2 275	5 635
3. Aðrar tekjur .....	2 061	325	1 963	558	4 907
B. Gjöld alls .....	29 035	15 117	27 717	8 652	80 521
1. Aflahlutir .....	9 037	5 954	8 191	1 575	24 757
2. Laun og tengd gjöld .....	3 367	328	1 681	1 411	6 787
3. Olíur .....	2 669	1 462	4 284	1 452	9 867
4. Veiðarfæri .....	3 208	2 410	2 051	508	8 177
5. Annar breytilegur kostn. ..	3 505	1 025	3 327	1 601	9 458
Breytilegur kostnaður alls	21 786	11 179	19 534	6 547	59 046
Framlag til fasts kostnaðar	3 606	5 441	7 262	1 589	17 898
Framlag til fasts kostnaðar sem hlutfall af tekjum ....	14.2%	32.7%	27.1%	19.5%	23.3%
6. Viðhald .....	3 035	1 504	2 303	713	7 555
7. Endurmetnar afskriftir ..	2 714	1 340	3 620	731	8 405
8. Vextir .....	1 500	1 094	2 260	661	5 515
Hreinn hagnaður ÷3 643		1 503	÷921	÷516	÷3 577
Brúttóhagnaður ÷929		2 843	2 699	215	4 828
H/A × 100 ÷14.4%		9.0%	÷3.4%	÷6.3%	÷4.6%
Meðalverð aflans, kr. á kg.					
Landað heima, skiptav. ..			125.66	105.50	
Landað erlendis, brúttóv. ..			350.00	350.00	
Aflamagn, tonn (slægður fiskur m/haus)					
Landað heima .....			159 400	45 700	
Landað erlendis .....			8 000	6 500	
Samtals			167 400	52 200	

**Rekstraryfirlit fiskvinnslu m. v. verðlag í febrúar 1979.**

Kaupgengi 1\$ = 322.50.

	Frysting	Söltun og hersla	Mjöl- vinnsla	Samtals
A. Tekjur alls .....	84 689	26 916	29 930	141 535
1. Útflutningstekjur .....	78 634	25 363	29 930	133 927
2. Selt af hráefni .....	3 374	706	—	4 080
3. Aðrar tekjur .....	2 681	847	—	3 528
B. Gjöld alls .....	84 136	27 728	29 820	141 684
1. Laun og tengd gjöld .....	23 262	4 853	3 590	31 705
2. Hráefni .....	43 505	16 891	16 310	76 706
3. Umbúðir .....	2 399	312	470	3 181
4. Flutningskostnaður .....	1 424	697	970	3 091
5. Annar breytilegur kostnaður	3 751	1 673	4 300	9 724
Breytilegur kostnaður alls	74 341	24 426	25 640	124 407
Framlag til fasts kostnaðar	10 348	2 490	4 290	17 128
Framlag til fasts kostnaðar				
sem hlutfall af tekjum	12.2%	9.3%	14.3%	12.1%
6. Viðhald .....	1 856	624	2 200	4 680
7. Endurmetnar afskriftir ....	2 200	800	1 040	4 040
8. Vextir .....	5 739	1 878	940	8 557
H. Hreinn hagnaður .....	553	÷812	110	÷149
Brúttóhagnaður	2 753	÷12	1 150	3 891
H/A × 100	0.7%	÷3.0%	0.4%	÷0.1%
Greitt í verðjöfnunarsjóð .....	—	—	—	—
Greitt úr verðjöfnunarsjóði ....	—	1 737	2 210	3 947

**Skýringar:**

Byggt er á bestu vitneskju um markaðsverðlag og tilkostnað. Gert er ráð fyrir að hvorki komi til greiðslu í eða úr verðjöfnunarsjóði af söltuðum ufsaflökum og skreið.

Áhrif olíuverðshækkunar 21. febrúar á afkomu veiðigreina ásamt dæmi um frekari hækkun m. v. verðlag í janúar 1979.

	Bátar án loðnu	Loðnu bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
<b>Skv. rekstraryfirliti í janúar 1979:</b>					
Tekjur alls .....	25 392	16 620	26 796	8 136	76 944
Gjöld alls .....	29 035	15 480	27 717	8 652	80 884
Hreinn hagnaður .....	÷3 643	1 140	÷921	÷516	÷3 940
Brúttóhagnaður .....	÷929	2 480	2 699	215	4 465
Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum .....	14.4%	6.9%	÷3.4%	÷6.3%	÷5.1%
<b>Dæmi um útgjaldaauka ef gasolíuverð hækkar:</b>					
a) í 68.90 kr. pr. l. ....	529	362	713	276	1 880 <sup>1)</sup>
b) í 100.00 kr. pr. l. ....	1 970	1 349	2 700	1 032	7 051 <sup>1)</sup>
<b>Hækkun tekna til að veða upp út- gjaldaauka sem hlutfall af fiskverði:</b>					
<b>I. Að teknu tilliti til aflahluta</b>					
a) m. 68.90 kr. pr. l. ....	3.9%	3.5%	4.9%	6.7%	4.4%
b) m v. 100.00 kr. pr. l. ....	14.4%	13.0%	18.5%	25.2%	16.3%
<b>II. Án tillits til aflahluta</b>					
a) m. v. 68.90 kr. pr. l. ....	2.4%	2.2%	3.2%	5.2%	2.9%
b) m. v. 100.00 kr. pr. l. ....	8.8%	8.3%	12.3%	19.5%	10.7%

**Skýringar:**

Við mat á útgjaldaauka togara hefur verið tekið tillit til þess að hluti flotans notar svartolíu í stað gasolíu

Hér er gert ráð fyrir nokkru meiri olíunotkun loðnubáta en í rekstraráætlun í janúar 1979.

<sup>1)</sup> Nokkuð vantar á að hér sé allur fiskiflotinn meðtalinn þannig að láta mun nærri að hækkunin kosti útgerðina í heild 2 000 m.kr. á ári.